

Mánudaginn 17. desembermánaðar.

Nr. 25/1894: Prófastur Halldór Bjarnarson fyrir
hönd Presthólakirkju
gegn
Þórarni Benjamínssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er risið út af skuld, sem Presthólakirkja telur til hjá Þórarni Benjamínssyni á Efrihólum, sem var umsjónar- og fjárheimtumaður nefndrar kirkju 1870 - 1875, og er af sækjanda talin kr. 212,18. Málið var dæmt í aukarjetti Þingeyjarsýslu 6. okt. 1893 með þeim úrslitum, að hinn stefndi var dæmdur til að greiða prófasti Halldóri Bjarnarsyni fyrir hönd Presthólakirkju kr. 7,03 með 5% vöxtum frá sáttakærudegi, 9. júní 1893, þangað til greitt verður. Orðin: »sem refstrýnið vilji gægjast undan sauðargærunni« í varnarskjali 26. ágúst 1893, voru dæmd dauð og ómerk. Málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefur prófastur Halldór Bjarnarson fyrir hönd Presthólakirkju áfrýjað með stefnu 13. júní þ. á. að fenginni uppreist og gjafsókn til yfirdómsins og krafizt, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að stefndi Þórarinn Benjamínsson verði dæmdur til að greiða Presthólakirkju 212 kr. 18 auro með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til þess greitt er, og að hann verði skyldaður til að greiða allan málskostnað fyrir báðum rjettum sem málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns sækjanda. Hins vegar hefur hinn stefndi krafizt að hinn áfrýjaði-dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða í málskostnað fyrir

yfir dómi 100 kr., en til vara, að hann (stefndi) verði að eins dæmdur til að greiða 139 kr., og málskostnaður látinn falla niður.

Eins og að ofan er um getið var hinn stefndi, Þórarinn bóndi Benjamínsson á Efrihólum, umsjónar- og fjárheimtumaður Presthólakirkju árin 1870—1875. Gjörði hann árlega reikning fyrir tekjum og gjöldum kirkjunnar, er voru samþykktir af hlutadeigandi prófasti. Samkvæmt þessum reikningum hans hafði kirkjunni græðst meðan hann hafði fjárhald hennar á hendi kr. 253,88 (90?) og telur áfrýjandi þetta fje hafa verið í vörzlum stefnda, er hann ljét af fjárhaldinu, þó að frá-dregnu andvirði 4 rúða, kr. 2,32; verða þá eptir
kr. 251,56.

Upp í þetta er greitt:

- | | | |
|---|-----------|------------------------|
| 1. Vinnulaun stefnda við papplagningu á kirkjuna 1878 | kr. 18,00 | |
| 2. Greitt Halldóri prófasti Bjarnarsyni 1884 | — 24,00 | 42,00 |
| | | verða eptir kr. 209,56 |

sem sækjandi telur stefnda skulda sjer (kirkjunni) í far-dögum 1884.

Hefur biskup landsins 16. jan. 1891 úrskurðað, að stefndi skuldaði þá kirkjunni þessa upphæð (eða þó rjettara 209 kr. 58 a., en sáttakæran hljóðar upp á 209 kr. 56 a.). Þessum úrskurði biskups hefur stefndi sagt sig samþykkan 5. október 1891, og 10. marz 1892 hefur stefndi skýrt og skorinort með brjefi lýst því yfir, að hann þá skuldi Presthólakirkju 209 kr., og skuld-bundið sig til að greiða þá upphæð fyrir árslok 1892.

Upp í þessar 209 kr. hefur stefndi 18. júlí 1892 greitt 70 kr., verða þá eptir 139 kr.

En auk umgetins fjár hefur áfrýjandi krafizt vaxta	
4% af 259 kr. 56 a. frá 6. júní 1884 til 6. júní	
1892	kr. 67,04
og 4% af 139 kr. 56 a. frá 6. júní 1892 til	
6. júní 1893	— 5,58

Samtals: kr. 72,62

en þessi krafa áfrýjanda á ekki við lög að styðjast og verður því ekki til greina tekin.

Þótt nú stefndi þannig 5. okt. 1891 og 10. marz 1892 hafi kannazt við að skulda Presthólakirkju þá 209 kr., hefur hann samt í máli þessu haldið því fram, að hann 13. ágúst 1874 að eins hafi skuldað Presthólakirkju kr. 64,68, og byggir hann það á kirkjuvitjunargjörð Vigfúsar prófasts Sigurðssonar, sem hann hefur lagt fram staðfest eptirrit af, og segir meðal annars í henni, að stefndi skuldi kirkjunni rúma 30 rd. (eða 60 kr.), og geti því skuld hans 1875 með engu móti hafa numið meiru en 121 kr. 35 a., það er að segja ofanefndar 64 kr. 68 a. og 56 kr. 67 a., sem kirkjan hafði grætt 1874—75, og er frá þessu væri dregið það, er hann síðar lagði út, eða greiddi, 2 kr. 32 a. + kr. 18 + kr. 24, + kr. 70 eða 114 kr. 32 a., yrði skuld sín að eins kr. 7,03, eða sú upphæð, er hann í hjeraði var dæmdur til að greiða.

En hvernig sem því nú vîkur við, að hlutaðeigandi prófastur í kirkjuvitjunargjörð sinni 1874 telur stefnda skulda kirkjunni rúma 30 rd., þá verður ekkert í þessu máli á því byggt, því bæði er það, að ýms atvik hafa getað legið til þess, að prófastur hafði þessi ummæli, sem nú eptir svo langan tíma er ekki hægt að upplýsa, og heldur ekki getur þessi sögn prófasts, sem ekki er gefin í neinu yfirlýsingar- eða kvittunarskyni, haft neina

þýðingu í þessu máli gagnvart skilmálalausri viðurkenningu stefnda mörgum árum seinna, og það því síður sem brjef prófests til hans 1. júní, 31. júlí og 19. sept. 1891 um þetta mál gáfu honum fyllsta tilefni til að rannsaka nákvæmlega, hve mikið hann skuldaði kirkjunni, og hann samt sem áður 10. marz 1892, gaf viðurkenningu fyrir, að hann þá skuldaði kirkjunni 209 kr. Með því viðurkenning hans 10. marz 1892 að eins hljóðar upp á kr. 209 — en ekki kr. 209,56, — og prófastur hefur tekið þessa viðurkenningu, að því upphæðina snertir, gilda, verður að ganga út frá því, að stefndi 10. marz 1892 hafi að eins skuldað kirkjunni 209 kr., og með því að hann seinna hefur greitt upp í þessa upphæð kr. 70, þá verður skuld sú, sem hann nú á að lúka kirkjunni kr. 139,00

Samkvæmt því sem að framan segir ber því stefnda að greiða Presthólakirkju kr. 139,00 ásamt 5% vöxtum frá 9. júní 1893 þangað til skuldin er greidd. Svo virðist og eptir þessum úrslitum málsins rjett, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi eins og málið hefði ekki verið gjafsóknarmál með 25 kr., þar með talin málflutningslaun til hins skipaða talsmanns áfrýjanda 15 kr., en að því málskostnað í hjeraði snertir á hjeraðsdómurinn að vera óraskaður.

Að því leyti málið hefur verið gjafsóknarmál vottast, að rekstur þess hefur verið vítalaus.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn stefndi, Þórarinn Benjamínsson, á að greiða prófasti Halldóri Bjarnarsyni fyrir hönd Presthólakirkju 139 kr. og 5% vexti af þessari upphæð frá

9. júní 1893 til borgunardags; að öðru leyti skal hjeradsdóminum óraskað. Stefndi greiði áfrýjanda í málskostnað fyrir yfirdómi, eins og málið hefði eigi verið gjafsóknarmál, 25 kr., þar á meðal málflutningslaun til hins skipaða talsmanns áfrýjanda fyrir yfirdómi cand. juris Hannesar Thorsteinson 15 kr. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 26/1894:

Eyjólfur Jónsson og 6 börn hans
gegn

skiptaráðandanum í fjelags og dánarbúi hans og Ingibjargar Þórarinsdóttur, sýslumanni Franz Siemsen, H. Linnet o. fl.

D ó m u r :

Með stefnu, dags. 26. júní þ. á., hefur Eyjólfur Jónsson í Katrínarkoti á Álptanesi og börn hans, Jón, Eyjólfur, Þórarinn, Bjarni, Katrín og Ingibjörg áfrýjað til yfirdómsins skiptum á fjelags- og dánarbúi nefnds Eyjólfss Jónssonar og látinnar konu hans, Ingibjargar Þórarinsdóttur, er leidd voru til lykta fyrir skiptarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 6. nóv. f. á., og jafnframt úrskurði, er kveðinn var upp í búi þessu 11. nóv. 1892. Hefur hvorum tveggju rjettargjörðum þessum verið áfrýjað áður til þessa rjettar með stefnu dags. 9. jan. þ. á., en málinu var þá vísað frá yfirdóminum með dómi uppkveðnum 28. maí þ. á.

Af hálfu áfrýjendanna hefur þess verið krafizt, að